

Staðlað upplýsingaskjal um váttryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilvik og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Læknis- og lyfjakostnaður vegna slysa og sjúkdóma hjá gæludýrum.
- ✓ Tannviðgerðir vegna slysa.
- ✓ Dánarbætur ef dýrið deyr.
- ✓ Bætur greiðast þegar dýrið missir til frambúðar heilsu sína og getur ekki sinnt því náttúrulega eða þjálfaða notagildi sem sérstaklega hefur verið tryggt.
- ✓ Skaðabætur vegna bótaábyrgðar sem fellur á þig sem eiganda gæludýrsins vegna líkamstjóns eða skemmda á munum.
- ✓ Kostnaður vegna vistunar og gæslu gæludýrs á viðurkenndu dýrahótelum ef umsjónarmaður gæludýrsins þarf óvænt að dvelja á sjúkrahúsi.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Kostnaður vegna geldinga dýra, ófrjósemisaðgerða eða almennra fæðinga afkvæma.
- ✗ Meðfæddir og arfgengir kvillar eða sjúkdómar.
- ✗ Kostnaður sem hlýst við dauða eða aflífun dýrs.
- ✗ Heilsutrygging greiðir ekki bætur vegna aldurstengdra sjúkdóma eða hrörnunarsjúkdóma.
- ✗ Skaðabætur þegar fjölskylda og skyldulið á heimili gæludýrsins verða fyrir tjóni.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum um t.d. dýrahald.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ! Ekki er hægt að tryggja gæludýr eftir að þau hafa náð fimm ára aldri.
- ! Hægt er að tryggja hunda þegar þeir hafa náð fjögurra vikna aldri og keti þegar þeir hafa náð sex vikna aldri.
- ! Tryggingin gildir ekki á meðan dvöl dýrs stendur í einangrunarstöð eða sambærilegri stofnun.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

✓ Á Íslandi.



Hverjar eru mínar skyldur?

Umhirða gæludýrsins, vistarverur og fôðrun skal vera í samræmi við ákvæði laga um velferð dýra og annarra laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem eiga við.

Bólusetja gæludýr fyrir sjúkdómum og sýkingum eftir ráðleggingum dýralækna.

Gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr afleiðingum veikinda eða áverka á dýrinu.

Fylgja fyrirmælum dýralæknis á meðan gæludýrið er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.



Hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða með kreditkorti.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.

Tryggingin fellur úr gildi við dauða gæludýrs og er því mikilvægt að tilkynna TM um það.

Sjúkrakostnaðartrygging fellur úr gildi í lok þess tryggingatímabils þegar hundur hefur náð tíu ára aldri og köttur 13 ára aldri.

Heilsutrygging fellur úr gildi í lok þess tryggingatímabils sem hundur verður átta ára og köttur 11 ára.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.